

Nd.

194. Frumvarp til laga

[144. mál]

um hömlur á vínveitingum á vegum ríkisins.

Flm.: Ingvar Gíslason, Heimir Hannesson.

1. gr.

Gæta skal hófs í veitingum áfengra drykkja í gestaboðum og öðrum samkvæmum á vegum ríkisins.

Íslenska ríkinu er óheimilt að standa fyrir sérstökum vínboðum (cocktail-boðum) hér á landi, en heimilt er að veita vín í opinberum matarveislum.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. eiga einnig við um Alþingi og ríkisbanka, svo og hvers kyns stofnanir, fyrirtæki, ráð og nefndir, sem heyra undir eða eru í tengslum við ríkið. Dómsmálaráðuneytið sker úr, ef ágreiningur ris um gildissvið laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Almenn áfengisneysla fer mjög vaxandi hér á landi og veldur mörgum verulegum áhyggjum. Ekki þarf að fara í grafgötur um það, að viðtæk misnotkun áfengis er fylgifiskur hinnar almennu neysluaukningar og viðteknu drykkjutísku í landinu. Áfengisból er mikið á Íslandi og birtist í ýmsum myndum. Áfengissýki er útbreiddur sjúkdómur, áfengi er slysavaldur og ofneysla þess orsök vanrækslu í störfum og undirrot margs konar ógæfu í þjóðfélaginu. Auk þess er óhófsdrykkja illþolandi smekkleysi og menningarskortur.

Þótt flm. þessa frumvarps telji naumast raunhæft að ræða algert vínbann eða óskorað vínbindindi meðal Íslendinga, þá teljum við tíma til þess kominn, að ráðamenn þjóðarinnar gefi fullan gaum að ástandi áfengismálanna og geri sitt til þess að koma í veg fyrir óhóflega vínnautn, m. a. með því að setja meiri hömlur en nú gerist á vínveitingar hins opinbera. Má ætla, að slíkar hömlur verði öðrum forðæmi um takmörkun vínveitinga, þ. á m. sveitarfélögum.

Með þessu frv. er mörkuð sú almenna stefna, að ríkið skuli gæta hófs í vínveitingum. Þar með er þó ekki verið að gefa í skyn, að opinberir aðilar ástundi óhóf í þessum efnum. Slík ásökun er fjarri flm., enda á hún ekki við rök að styðjast. Hins vegar mun það henda í opinberum gestaboðum, sem algengt er á Íslandi yfirleitt, að áfengis sé neytt í óhófi, ef það er um hönd haft á annað borð. Einkum er hætta á óhóflegri drykkju í hinum sérstöku vínboðum (cocktail-boðum), sem nú er algengt form gestamóttöku, bæði hjá ríki og einkaaðilum.

Flm. telja það spor í rétta átt, að vínboð séu aflögð sem þáttur í risnu hins opinbera. Í rauninni eru vínboð fánýt samkvæmi og ekki þess virði, að þeim sé við haldið. Það er helsta nýmæli þessa frv., að íslenska ríkinu skuli óheimilt að efna til cocktail-boða hér innanlands, en yrði eftir sem áður leyfilegt að halda vínboð erlendis, enda erfiðleikum háð að láta íslensk lagafyrirmæli gilda í útlöndum.

Í 1. gr. frv. er að finna almenna stefnuyfirlýsingu um hófsemi í vínveitingum hins opinbera. Flm. er ljóst, að einhver vandkvæði kunna að vera á framkvæmd hennar, en þó verður ekki hjá því komist að hafa uppi slíka stefnumörkun, enda felst m. a. í henni mikilvæg viljayfirlýsing Alþingis. Auðvitað dettur flm. ekki í hug, að ekki verði einhver smuga að misnota vínveitingar á vegum ríkisins. Þessu frumvarpi er ekki heldur ætlað að koma í veg fyrir öfgafyllstu afbrigði af drykkjuskap, enda mun það ógerningur hvort sem er. Frv. hefur þann tilgang að draga úr vínveitingum hins opinbera og tryggja svo sem unnt er eins takmarkaða neyslu og tók eru á, ef áfengi annars er um hönd haft í opinberum veislum.